

## **M-46/2008 Álit 22. september 2008**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. september 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-46/2008:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 9. júlí sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um réttmæti skilmála sem fyrirtækið Y, gerði kröfu til að hann undirritaði vegna afhendingar fyrirtækisins á nýjum mótör í stað bilaðs mótors í fjarstýrðum leikfangabíl sem sonur hans keypti hjá fyrirtækinu. Nánar tiltekið er krafa álitsbeiðanda sú að kæruneftndin „leggi mat á umrædda skilmála sem ekki standist lög“ að hans dómi. Þá krefst álitsbeiðandi þess að kæruneftndin „hlutist til um að vekja athygli Y á þeirri löggjöf sem hér getur átt við og kynna þeim rétt neytenda.“

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 10. júlí sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum við kröfugerð álitsbeiðanda og málalilbúnað. Andsvör bárust 23. júlí. Með bréfi, dags. 25. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin. Athugasemdir álitsbeiðanda eru dags. 31. júlí en kæruneftndin móttók þær 8. ágúst. Með bréfi, dags. 18. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi lýsir því að í september 2007 hafi sonur hans, fæddur árið 1993, keypt fjarstýrðan bíl í verslun Y fyrir kr. 50.000. Fljótlega hafi vinir sonarins keypt sams konar bíla en þeir bílar hafi verið framleiddir með öflugri mótör þ.e. af stærðinni 4,6 í stað 3,5. Eftir nokkrar fortölur sonarins hafi honum verið leyft í nóvember sl. að kaupa stærri mótör í bíl sinn sem kostað hafi kr. 18.000. Y hafi annast ísetningu nýja mótorsins. Í fjórða skiptið eftir að bíllinn hafi verið notaður með nýja mótörnum hafi hann drepit á sér án þess að nokkuð sérstakt hafi komið fyrir. Starfsmaður Y hafi tekið bíllinn til viðgerðar og talið líklegt að svokallað „pullstart“ hefði gefið sig en bíllinn sé gangsettur með svipuðum hætti og garðsláttuvél. Það hafi hins vegar ekki verið raunin heldur hafi starfsmaður Y sagt að nýi mótörinn væri ónýtur. Álitsbeiðandi kveðst hafa borið fyrir sig að nýi mótörinn væri gallaður en starfsmaðurinn haldið því fram að slæm meðferð hefði valdið því að mótörinn væri ónýtur. Engin ábyrgð væri því fyrir hendi og því yrði álitsbeiðandi að greiða fullt verð fyrir nýjan mótör. Þá hafi byrjað nokkurt þóf sem endað hafi með því að Y hafi fallist á að leggja til nýjan mótör. Þetta hafi glatt soninn mikið en hann hafi lagt sig fram um að fara vel með bíllinn. Þegar að því hafi komið að sækja bíllinn hafi sér verið sýndir skilmálar til undirritunar áður en bíllinn yrði afhentur. Því kveðst álitsbeiðandi hafa neitað en krafist þess að fá bíllinn afhentan í því ásigkomulagi

sem hann hafi verið þegar komið var með hann til viðgerðar. Þá hafi komið í ljós að ný vél var komin í bílinn en sú eldri verið send til framleiðandans í Bretlandi án samþykkis eiganda. Ekkert hefði verið minnst á að með málið yrði farið á þennan hátt. Nýtt málþóf hafi byrjað. Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið ljóst að hann fengi ekki bílinn afhentan nema með því að undirrita skilmálana sem hann teldi ólögmeta. Hann hefði tjáð starfsmanninum að versluninni væri ekki stætt á því að leggja hald á bílinn þar sem hún væri eign sonar hans og einnig hin gallaða vél. Til þess að fá bílinn afhentan hafi sér verið nauðugur sá kostur að fara fram á það við starfsmanninn að hann fjarlægði nýju vélina og jafnframt hefði hann óskað eftir því að fá senda hina gölluðu vél til baka. Að endingu kveðst álitsbeiðandi hafa farið út úr versluninni með bílinn vélarlausan. Sér hafi verið sagt að hann myndi fá gölluðu vélina senda en ekki hafi það enn verið gert. Þeir skilmálar sem álitsbeiðandi var beðinn að undirrita eru svohljóðandi:

„Kvittun vegna móttöku á nýjum mótör.

Eigandi mótorsins settir sig ekki við mat starfsmanna Y um að mótörinn hafi skemmt vegna rangrar notkunar (yfirsúnings) og að verksmiðjuábyrgð eigi þar með ekki við í þessu tilfalli.

Er honum hér með afhentur ný mótör með fyrirvara um mat framleiðanda sem er A-Englandi, þar sem ný mótörinn sem er hér með krafinn frá þeim fyrir hans hönd vegna gallans eins og eigandi krefst.

Hinsvegar áskilur A sér rétt til að láta sérfræðinga sína skoða og meta mótörinn og ákveða hvort verksmiðjuábyrgð á við eða bilun vegna rangrar notkunar sé um að ræða (sjá ábyrgðarskilmála framleiðanda). Ef þeir meta það svo að um ábyrgðarbilun sé að ræða bæta þeir að sjálfsögðu með nýjum mótör eiganda að kostnaðarlausu.

Hins vegar verði niðurstaðan að um skemmdir vegna rangrar notkunar sé að ræða sem heyrir ekki undir verksmiðjuábyrgð, áskilur A sér rétt til að krefja eiganda umrædds mótors um fulla greiðslu fyrir nýja mótörinn og allan kostnað af sendingum og meðhöndlun fyrri mótorsins til og frá Englandi auk skoðunargjalds á mótörnum sem þeir munu þá krefja hann um fulla greiðslu fyrir allan kostnað málsins.

Ég undirritaður móttæk því hér með nýjan mótör með ofangreindum fyrirvara sem ég hef kynnt mér.“

Eins og í upphafi er greint frá óskar álitsbeiðandi eftir því að kærunefndin leggi mat á framangreinda skilmála og verður að skilja það svo að óskað sé eftir mati á lögmæti þeirra, en álitsbeiðandi telur þá ekki standast lög. Álitsbeiðandi segir langt í frá að skilmálarnir séu hlutlausir en neytandanum sé með þeim gert ómögulegt að leita álits hlutlauss aðila til að leggja mat á galla en til þess ætlast að framleiðandinn geri það sjálfur. Ekki sé nægilegt að kveða á um það í skilmálunum að framleiðandinn meti hvort vélin sé gölluð eða ekki, heldur sé honum áskilinn réttur til þess, verði niðurstaða hans sú að vélin sé ekki haldinn galla, að krefja eiganda vélarinnar um fulla greiðslu fyrir nýja mótörinn og allan kostnað sem af skoðuninni hafi leitt. Þá feli skilmálarnir það í sér að neytanda sem skili gallaðri vöru sé gert að halda viðskiptum áfram með kaupum á nýrri vöru komist framleiðandinn að þeirri niðurstöðu að varan hafi verið ógölluð. Verði mat nefndarinnar til samræmis við skoðanir álitsbeiðanda geri hann þá kröfu að kærunefndin hlutist til um að fá Y til þess að hætta að nota framangreinda skilmála en hagsmunir neytenda séu í húfi.

Álitsbeiðandi kveðst óska þess að kærunefndin hlutist til um að vekja athygli Y á þeirri löggjöf sem hér geti átt við og kynna fyrirtækinu rétt neytenda.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörunum segir að komið hafi verið með bílinn til þess að gera við „pullstartið“ en í ljós hafi komið að vélin hafi verið farin. Álitsbeiðandi hafi krafist þess að fá nýja vél og hafi virst sem svo að hann skipti ekki máli hvort vélin hafi verið eyðilögð eða um verksmiðjugalla væri að ræða. Á þessu stigi hafi ítarleg skoðun ekki farið fram á því hvort um bilun væri að ræða vegna galla eða slæmrar meðferðar. Álitsbeiðanda hafi verið svarað því að væri vélin gölluð yrði hún bætt. Þegar vélin hafi verið tekin í sundur hafi ekki leynt sé að hún hefði oft ofhitnað. Vél af þessu tagi eigi að ganga í kringum 100° en hafi greinilega oftast en einu sinni farið vel á þriðja hundradgráður, verið yfirsnúið. Vélin beri það líka með sér að hafa verið keyrð á allt of veikri blöndu af bensíni en smurningur sé einnig í bensíninu. Við þessu sé sérstaklega varað í leiðbeiningum með bílnum. Þessi tegund véla hagi sér þannig að sé skrúfað fyrir bensínið (hlutfall bensíns og lofts) geti það virkað þannig að bíllinn virðist kraftmeiri en um leið sé vélin svelt bæði af bensíni og olíu sem valdi yfirhitum vélarinnar, vélin fái ekki næga smurningu, slitni meira og geti eyðilagst. Aldur vélarinnar skipti ekki máli í því sambandi. Oftast sé hægt að gera við bilun af ýmsu tagi í svona vélum en vél álitsbeiðanda hafi í einu orði verið steikt. Bíllinn sé gríðarlega kraftmikið tæki og beri það með sér að hafa margsinnis orðið fyrir hnjaski við notkun. Fenginn hafi verið aðili úti í bæ í þeirri von að einhver galli fyndist í smíði vélarinnar en hann hafi komist að þeirri sömu niðurstöðu að vélin hafi verið steikt með rangri notkun.

A sé Evrópudeild framleiðandans og gefi Y þau fyrirmæli að hlutir sem fyrirtækið telji gallaða og eigi að bæta skuli sendir þeim til skoðunar ásamt skriflegri lýsingu. Annað hvort geri þeir við hlutinn eða sendi nýjan viðskiptavinum að kostnaðarlausu að því tilskildu að um galla sé að ræða. Telji framleiðandi ekki vafa leika á að eigandi eigi sjálfur sök á biluninni vegna misnotkunar tilkynni stafsmaður A það eiganda eða umboðsmanni og bjóði honum á gera við vélina, sé það mögulegt, en á kostnað eiganda. Sé niðurstaðan sú að viðgerð borgi sig ekki sé vélin send aftur til eiganda sem geti þá látið einhverja aðra skoða hana sætti hann sig ekki við niðurstöðu tæknimanna A. Ekki sé Y kunnugt um að A hafi krafist greiðslu kostnaðar vegna einhverra hluta sem ekki hafi verið gert við, og þeir ekki talið sig eiga að bæta, heldur sé í skilmálunum um varnagla að ræða svo að þeim séu ekki sendir skemmdir og úr sér gengnir hlutir í von um að fá nýja í staðinn.

Vél álitsbeiðanda hafi strax verið send utan samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, en álitsbeiðandi hafi krafist þess að litið yrði svo á að hún væri gölluð. Ný vél hafi verið sett í bílinn eins og álitsbeiðandi hafi krafist. Þegar álitsbeiðandi hafi neitað að taka við nýju vélinni hafi verið of seint að snúa við með gömlu vélina þar sem hún hafi verið á leiðinni til Englands.

Nýja vélin hafi verið sett í bíl álitsbeiðanda til þess að ljúka málinu og viðskiptavinur þurfi eðlilega að kvitta fyrir móttöku vöru sem afgreidd sé úr versluninni án þess að greitt sé fyrir hana. Venjulega sé kvittað fyrir á blað fyrir móttöku þar sem standi að nýr hlutur sé afhentur fyrir gallaðan. Í tilviki álitsbeiðanda hafi starfsmönnum ekki þótt koma til greina að álitsbeiðandi skrifaði undir slíka kvittun þar sem starfsmennirnir hafi talið að hann væri ekki að fá nýja vél vegna galla, en aldrei hafi þeir lent í svona löguðu áður. Því hafi verið skrifað nýtt plagg sem sé bein þýðing á

ábyrgðarskilmálum sem A láti gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Slíkt plagg hafi Tómsundahúsið aldrei notað áður og þurfi vonandi aldrei að gera aftur. Um er að ræða þá skilmála sem teknir eru upp orðrétt hér að framan. Aldrei hafi staðið til að innheimta kostnað hjá álitsbeiðanda samkvæmt skilmálunum. Eftir að talað hafi verið við A um það hvernig málið væri vaxið hafi niðurstaðan orðið sú að þeir myndu senda nýja vél án þess að það væri viðurkenning á því að um verksmiðjugalla væri að ræða. Til þess að leysa málið með sem minnstum óþægindum hafi þeir þannig sammælt um að álitsbeiðandi fengi nýja vél endurgjaldslaust svo fremi að hann ylli bæði Y og A ekki frekari kostnaði og óþægindum og með þeim skilyrðum að sonur hans notaði vélina eins og til sé ætlast og eyðilegði hana ekki með þjónskap. Svo illa hafi viljað til að nafn og símanúmer álitsbeiðanda hafi farið með bílnum þegar álitsbeiðandi hafi farið með hann út úr versluninni og hafi því ekki verið vitað á þeim tíma hvað hann hétí eða hvernig væri hægt að ná í hann. Aðrar upplýsingar en þær að álitsbeiðandi væri lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, eins og hann hafi sjálfur greint frá, hefðu ekki legið fyrir. Álitsbeiðandi hafi heimtað að nýja vélin yrði tekin úr bílnum og honum afhentur bíllinn með gömlu vélinni sem ekki hafi verið hægt þar sem hún hafi verið á leið til Englands.

Því er lýst í andsvörinum að á næstu dögum muni álitsbeiðanda verða send ný vél í ábyrgðarpósti.

Í andsvörinum er síðan rakin orðaskipti á milli álitsbeiðanda og starfsmanna Y sem ekki er að verksvið kærunefndarinnar að taka neina afstöðu til og því ástæðulaust að rekja hér.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda**

Í athugasemdunum er því haldið fram að með skilmálum Y sé kaupanda gert ókleyft að sýna fram á með mati hlutlauss aðila hvort hlutur hafi verið haldinn galla eða ekki. Álitsbeiðandi kveðst telja að skilmálarnir séu brot á þeirri vernd sem neytendum sé veitt, sbr. undirstöðurök að baki 4. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003. Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið sagt um skilmálana að þá væru allir látnir undirrita í þeim tilvikum að ný vara væri afhent vegna meints galla og þess vegna sé ekki rétt að þeir hafi verið sérhannaðir fyrir umrædd viðskipti. Þá segir orðrétt í athugasemdunum: „Tekið skal fram að undirritaður hefur aldrei gert kröfu um afhendingu á nýjum hlut sé það ekki réttur hans. Mál þetta snýr að ólögætum skilmálum í viðskiptum og þeim viðskiptaháttum sem við eru hafðir en ekki um það hvort vélin hafi verið haldin göllum. Undirritaður kærir sig því ekki um að fá senda í ábyrgðarpósti nýja vöru sem seljandi fullyrðir að hann eigi ekki rétt til þar sem varan hafi ekki verið gölluð.“

Í athugasemdunum er fjallað um orðaskipti álitsbeiðanda og starfsmanna Y og fleira sem ekki er ástæða til að rekja.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum

um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1 gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Álitsbeiðandi getur rekið mál þetta fyrir hönd sonar síns sem er ófjárráða, sbr. 1. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr.71/1997.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 48/2003 kemur m.a. fram að frumvarpið hafi að meginmarkmiði að efla réttarstöðu neytenda. Þá er og sagt að frumvarpið feli í sér styrkingu á réttindum neytenda, sérstaklega með tilliti til reglna um kröfur neytandans vegna vanefnda seljanda. Þótt þessum markmiðum með lagasetningunni sé sérstaklega lýst er eðlilega einnig kveðið á um það í lögnum hver réttarstaða seljanda vöru er í viðskiptum milli seljanda og neytanda. Í lögnum er þannig jöfnum höndum kveðið á um réttarstöðu kaupanda og seljanda vöru.

Í þeim lögum og þeirri reglugerð sem er vitnað til í upphafi þessa kafla er kveðið á um það að greini aðila á um réttindi sín og skyldur í kaupum, sem fara eftir lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, geta þeir snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað álits hennar á þeim ágreiningi. Samkvæmt ákvæðum laganna gefur kærunefndin óbindandi álit á sérstökum, afmörkuðum ágreiningi af þessu tagi. Það er hins vegar ekki í verkahring kærunefndarinnar að gefa aðilum sérstök eða almenn fyrirmæli á þeim viðskiptasviðum sem lögin ná til fram yfir það sem hugsanlega má leiða af niðurstöðum í einstökum álitum hennar. Að gefa slík fyrirmæli getur vegar verið í verkahring annarra stjórnvalda. Það er því ekki á starfs- eða valdsviði kærunefndarinnar að hún „hlutist til um að vekja athygli Y á þeirri löggjöf sem hér getur átt við og kynna þeim rétt neytenda“, eins og álitsbeiðandi gerir kröfu til. Verður kærunefndin því að vísa þeirri kröfu frá sér, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Sú deila sem reis á milli álitsbeiðanda og seljanda um það hvort vél leikfangabílsins, sem sonur álitsbeiðanda keypti, hafi verið haldin smíðagalla eða gallinn stafi af því hvernig notkun bílsins var hagað er enn uppi. Kröfu álitsbeiðanda um að kærunefndin leggi mat á þá skilmála sem Y óskaði eftir að álitsbeiðandi undirritaði, og hann telur ekki standast lög, skilur kærunefndin svo að hún rísi af ágreiningi um það hvaða aðferð sé tæk lögum samkvæmt til þess að komast að niðurstöðu, eða reyna a.m.k. að komast að niðurstöðu um, hvort tiltekin vara hafi við kaup verið gölluð eða ekki og því sé á valdsviði kærunefndarinnar að segja álit sitt á þeim ágreiningi.

Í IV. kafla neytendakaupalaganna er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Af þeim ákvæðum er augljóst að einhverjum aðferðum verður að beita til þess að komast að niðurstöðu um hvort vara sé gölluð eða ekki og af hverju galli kann að stafa greini aðila á um slíkt, sbr. og VI. kafla laganna um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Í lögnum er hins vegar ekki kveðið á um það hvaða aðferðum skuli beitt í því skyni.

Kærunefndin álitur að það geti samrýmst ákvæðum neytendakaupalaganna, eða a.m.k. að þau komi ekki í veg fyrir, að seljandi og kaupandi geri með sér samning eða styðjist við ákveðna skilmála um það hvernig skuli staðreyna hvort vara hafi verið gölluð eða ekki og í hverju gallinn sé þá fólgin. Samningur af því tagi verður hins vegar að álitum kærunefndarinnar að tryggja aðilum jafnan rétt og möguleika til þess að láta skoða og meta hvort um galla sé að ræða, hvers eðlis gallinn sé og hver sé orsök hans, hvernig galli skuli bættur sé skylt að bæta hann og hver eigi að greiða þann kostnað sem úrbótum kann að vera samfara.

Verður nú vikið að þeim skilmálum sem um er deilt í málinu og álitsbeiðandi neitaði að skrifa undir.

Í skilmálunum er í upphafi tekið fram að eigandi mótorsins sætti sig ekki við að hann hafi skemmst vegna rangrar notkunar og er að sjálfsögðu ekkert við það ákvæði að athuga enda lýsir það einungis staðreyndum.

Í næsta ákvæði skilmálanna er kveðið efnislega á um það að eiganda sé afhentur nýr mótór með fyrirvara um mat framleiðanda á galla sem eigandi telji vera á honum.

Kærunefndin álitur að út af fyrir sig sé þetta ákvæði ekki athugavert sé eiganda jafnframt gefinn kostur á því að láta athuga mótórinn og fá lagt mat á það af hverju gallinn stafi eins og síðar verður komið að. Eitt sér er það ekki óeðlilegt að eigandinn sé beðinn um að kvitta fyrir móttöku nýs mótors fylgi ekki á því stigi neinar sérstakar kvaðir. Í þessu sambandi telur kærunefndin rétt að benda á að í neytendakaupalögum er ekki gert ráð fyrir því að seljandi bæti úr galla þegar í stað án tillits til þess hvor aðili, kaupandi eða seljandi, kann að bera ábyrgð á gallanum þegar upp er staðið, þótt dráttur á úrbótum geti haft ákveðnar réttarverkanir.

Í þriðja ákvæðinu er efnislega kveðið á um það að A áskilji sér rétt til þess að skoða og meta mótórinn og ákveða hvort um framleiðslugalla eða galla vegna rangrar notkunar sé að ræða. Tekið er fram að sé um framleiðslugalla (ábyrgðarbilun) sem falli undir ábyrgð muni fyrirtækið leggja til nýjan mótór eiganda að kostnaðarlausu.

Í fjórða ákvæðinu er efnislega kveðið á um það að sé um skemmdir á mótörnum að ræða, sem stafi af rangri notkun en ekki galla sem framleiðandi beri ábyrgð á, áskilji fyrirtækið sér rétt til þess að krefja eigandann um fulla greiðslu fyrir nýjan mótór ásamt greiðslu fyrir áföllnum kostnaði.

Tvö síðustu ákvæðin eru í sjálfu sér ekki í beinni andstöðu við neytendakaupalögin að mati kærunefndarinnar. Hins vegar eru þau einhliða að því leyti að þar er einungis kveðið á um rétt framleiðanda til að skoða hlutinn og meta hvort um galla sé að ræða og kostnað honum samfara. Í skilmálunum er ekki kveðið á um rétt kaupanda til þess að láta skoða og meta gallann á eigin vegum í því skyni að treysta réttarstöðu sína gagnvart framleiðandanum. Sjálfsagt væri að í skilmálum af þessu tagi væru einnig ákvæði um rétt kaupandans til að láta skoða mótórinn áður en það ferli á vegum framleiðandans hefst, sem lýst er í skilmálunum eða trygging fyrir því að hann geti látið skoða mótórinn á eigin vegum og í sama ásigkomulagi og hann var við afhendingu til framleiðanda, eftir að framleiðandinn hefur lokið sinni skoðun. Með því móti væru aðilum kaupanna tryggðir jafnir möguleikar til þess tryggja réttarstöðu sína. Slík málsmeðferð væri að dómi kærunefndarinnar í samræmi við grundvallarsjónarmið í neytendakaupalögunum um réttarstöðu aðila í viðskiptum sem undir þau lög falla og almenn jafnræðissjónarmið. Sú fullyrðing seljanda, sem kemur fram í andsvörum hans, að kaupandi fái vélinu í hendur að lokinni skoðun framleiðandans breytir ekki þeirri niðurstöðu kærunefndarinnar að í skilmálunum væri sjálfsagt að kveða jafnt á um möguleika kaupanda og seljanda til að tryggja rétt sinn þegar uppi er deila um það af hvaða ástæðum hlutur er gallaður.

## VII Álitsorð

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa er að skilmálar þeir sem um er deilt séu ekki í andstöðu við ákvæði neytendakaupalaga nr. 48/2003 svo langt sem ákvæði

þeirra ná, en kaupandi eigi hins vegar samkvæmt undirstöðurökum neytendakaupalaga og almennum jafnræðissjónarmiðum rétt til þess að í slíkum skilmálum séu einnig ákvæði sem tryggi réttarstöðu hans gagnvart framleiðanda með sama eða svipuðum hætti og framleiðandi tryggir réttarstöðu sína gagnvart kaupanda í skilmálunum.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir